


✉ Re: Beiðni um umsögn

Búið til	10.12.2020 10:07:10
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	10.12.2020 10:07:06
Tilheyrir	 202010-0030 - Drög að viðauka við stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs fyrir Breiðamerkursand

Efni

Re: Beiðni um umsögn

Upplýsingar

Sent	10.12.2020 10:07:06	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	steinunn.h.hardardottir@vjp.is, ingibjorg.smaradottir@vjp.is

Innihald

<p>Tilvísun í málsnr. 202010-0030 (OKV, RT, SH, TB)</p> <p>Vísað er til bréfs frá Vatnajökulþjóðgarði, dags. 13. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um viðauka við gildandi stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnajökulspjóðgarð sem fjallar um Breiðamerkursand. Beðist er velvirðingar á því að dregist hefur að svara erindinu.</p> <p>Í tillögu svæðisráðs suðursvæðis, dags. 5. október 2020, kemur fram að friðlýsta svæðið, viðbótin við þjóðgarðinn, tekur til Jökulsárlóns og nærliggjandi svæða á Breiðamerkursandi og er um 189 km² að flatarmáli. Og að í fyrsta sinn ná mörk Vatnajökulspjóðgarðs að hafi og hluti þjóðvegur 1 er nú einnig innan þjóðgarðsins. Rökstuðningur fyrir friðlýsingu Breiðamerkursands byggir á ýmsum gögnum, sjá bls. 3 í framangreindri tillögu. Á sömu blaðsíðu koma einnig fram helstu markmið með friðlýsingunni og í tillögunni er farið yfir helstu náttúrufræðiseinkenni svæðisins. Í kafla 4 í tillögunni er farið yfir fyrirhugaðar breytingar og viðbætur við gildandi stjórnunar- og verndaráætlun.</p> <p>Náttúrufræðistofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu svæðisráðs:</p> <p>A. spurning er hvort ekki eigi að sleppa að nefna þórshana í kafla 3.3. bls. 10. Tegundin er friðuð og almennt leggur Náttúrufræðistofnun áherslu á að ekki sé verið að vekja sérstaklega athygli á varpsvæðum þórshana eða annarra friðaðra fugla. Vissulega er Skeiðarársandur víðfemur og ekki líklegt að margir viti hvar varpið er en vel mætti tala um fugla á valista.</p>
--

B. á bls. bls. 12 segir í kafla 9.2 Forsendur: „Jökulnes ber flest einkenni óbyggðra víðerna enda eru ummerki um umferð eða aðrar athafnir mannfólks. Stór hluti svæðisins var hulinn jökli árið 1998 og því hluti af jökulhettu Vatnajökuls.“ Svo virðist sem það vatni orðið „engin“sbr.enda **eru engin** ummerki um.....

C. Neðarlega á bls. 5. Er talað um víðikjarrvist sem er með mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningins. Vistgerðin kemur að vísu fyrir innan umrædd svæðis en er aðeins á um ca 0,02 ha rétt við austur við bílastæðið við Jökulsárlón. Samkvæmt upplýsingum frá kortgerðafólki NÍ er þetta mögulega villa. Víðimóavist er algengari, þar sem hún kemur fyrir austast innan umrædds svæðis skv. vistgerðakorti NÍ. Víðimóavist er ekki sýnd á korti efst á bls. 6. Skýringin vera að þarna hafi menn farið „línuvillt“ og líklegt að þarna eigi að vera víðmóavist í stað víðikjarrvistar. Ef þetta er rétt þá þarf að laga í greinagerð. Kort á bls. 31, lýsingu á víðikjarrvist á bls. 33. Líklega ekki stórmál en rétt að skoða betur.

D. Bls. 5. viðbót: Tungljurtin *Botrychium lunaria* var. *melzeri* og *Botrychium nordicum*, skorutungljurt eru skráðar Breiðamerkursandi sem tegundir á valista sem vantar nánari gögn um (DD). Aðeins er fjallað um dvergtungljurt.

E. Sjá einnig athugasemdir í meðfylgjandi skjali.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (<mailto:trausti@ni.is>)



From: "Steinunn Hödd Harðardóttir - vatn" <steinunn.h.hardardottir@vjp.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC: "Matthildur Ásmundardóttir" <matthildur@hornafjordur.is>; "Magnús Guðmundsson - vatn" <magnus.gudmundsson@vjp.is>
Subject: Beiðni um umsögn
Date: 16.10.2020 08:30:44

Góðan dag

Fyrir hönd Vatnajökulspjóðgarðs óska ég eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um drög að viðauka við stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs fyrir Breiðamerkursand.

Samkvæmt 12.gr.5.mgr. laga um Vatnajökulspjóðgarð skal tillaga stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs að stjórnunar- og verndaráætlun unnin í samráði við aðrar fagstofnanir, þ.m.t. Náttúrufræðistofnun.

Umsögnin óskast fyrir 1. desember 2020.

Bestu kveðjur,

Steinunn Hödd



Steinunn Hödd Harðardóttir

Þjóðgarðsvörður / Park Manager

Vatnajökulsþjóðgarður / Vatnajökull National Park

Gamlabúð Visitor Centre, Heppuvegur 1, 780 Höfn, Iceland

Sími: +(354) 4708332 / Mobile +(354) 842-4373

www.vjp.is (<http://www.vjp.is/>)

Um ábyrgð á tölvupósti / E-mail disclaimer: <http://www.stjornarrad.is/Fyrirvari>
(<http://www.stjornarrad.is/Fyrirvari>)

Vinsamlega hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður. Please consider the environment before printing



Viðhengi

image010.png (33 KB)

image009.png (19 KB)

image005.png (17 KB)

image012.png (10 KB)

image008.png (9 KB)

Vidauki_Breidamerkursandur_Oktober2020_aths_OKV.pdf (1 MB)

image007.png (7 KB)

image001.gif (2 KB)

image006.png (28 KB)

image011.png (5 KB)